



Alþingi  
Erindi nr. P 138/1165  
komudagur 9.3.2010

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík 7. mars 2010

**Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, 370. mál.**

Með frumvarpinu þessu er lagt til að heimild til strandveiða verði lögfest og fyrirkomulag veiðanna verði það sama og komið var á með bráðabirgðalögum nr. 66/2009 á síðasta fiskveiðiári. VM lýsir yfir andstöðu við það að auka heimildirnar í 6000 tonn og að það magn verði tekið af útgerðum og sjómönnum sem hafa það að atvinnu að veiða fisk eins og þeir hafa alltaf gert. Það er undarleg ráðstöfun eins og árar í hafinu, með mjög takmarkaðar veiðiheimildir að verið sé að taka af þeim sem hafa lífsviðurværi sitt af fiskveiðum. Fiskveiðiheimildirnar síðan færðar yfir á aðila sem eru að nýta sér svokallaðar strandveiðar sem aukavinnu og sportmennsku að stórum hluta.

Virðingafyllst,  
f.h. VM – Félags vélstjóra og máimtækninga

Guðmundur Þ. Ragnarsson, formaður VM.